

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 24. mars 2022

Mál nr. E-1954/2021:

Mercus Truck Export-Import z o.o. sp. k. ul.

(*Jónatan Hróbjartsson lögmaður*)

gegn

Glitvangi ehf.

(*Sveinn Andri Sveinsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta var höfðað 20. september 2021 og dómtekið 10. mars 2022.

Stefnandi er Mercus Truck Export-Import Wynajem Sp. z o.o. sp. k. ul. Zurawia 43/20100-680, Warszawa, Póllandi, vegna þrb. D-Son Imports ehf., kt. [...].

Stefndi er Glitvangur ehf., kt. [...], [...], [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að rift verði með dómi greiðslu þrb. D-Son Import ehf., kt. [...], Tjarnargötu 4, Reykjavík, til stefnda að fjárhæð 18.000.000 króna, sem fram fór með millifærslu, dags. 18. janúar 2019, af bankareikningi þrb. D-Son Import ehf. nr. [...] inn á bankareikning í eigu stefnda nr. [...]. Að stefndi verði dæmdur til að greiða þrb. D-Son Import ehf. 18.000.000 króna auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. janúar 2019 en með dráttarvöxtum skv. III. kafla sömu laga, sbr. 6. og 9. gr. s.l., frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Málavextir og sönnunarfærsla:

Með úrskurði Landsréttar nr. 35/2021, uppkveðnum 4. mars 2021, var bú Daxsonar ehf., nú þrotabú D-Son Import ehf., tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli beiðni stefnanda, sem barst héraðsdómi 17. nóvember 2020, og var Davíð Örn Guðnason lögmaður skipaður skiptastjóri þrotabúsins.

Hið gjaldþrota félag eða þrotamaður, sbr. ákvæði XX. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., hafði milligöngu um innflutning á bifreiðum í eigu stefnanda frá Póllandi, og var kaupverðið, eftir sölu bifreiðanna hér á landi, lagt inn á reikning stefnda, sem síðan greiddi það til stefnanda að frádreginni sölubóknun. Við skoðun skiptastjóra á bankareikningum þrotamanns mun meðal annars hafa komið í ljós að 18. janúar 2019 hafi 18.000.000 króna verið millifærðar af bankareikningi þrotamanns nr. [...] án skýringa og inn á bankareikning stefnda nr. [...].

Í skýrslu, sem skiptastjóri tók af Garðari Vilhjálmsyni, fyrrverandi fyrirsvarsmanni þrotamanns, þann 8. apríl 2021, kemur meðal annars fram að Garðar hafi nefnt að hann persónulega hefði fengið endurgreitt frá þrotamanni upphæðir sem nemi greiðslum fyrir tilgreindar bifreiðar sem komu frá Póllandi, þar sem hann hefði átt kröfur gagnvart félaginu. Í skýrslu skiptastjóra fyrir dóminum kom fram að Garðar hefði og nefnt það að hann hefði átt að láta þrotamann greiða sér einhvers konar leigugreiðslur, en það hefði ekki verið rætt frekar, og því ekki verið bókað nánar um það. Að öðru leyti segir í skýrslunni að þrotamaður hafi engar eignir átt, hafi aldrei leigt húsnæði, en starfsemin hafi farið fram á heimili Garðars. Þá væri bókhald félagsins í molum, aldrei hafi verið gerðir ársreikningar og að Garðar hefði ekki getað útskýrt nákvæmlega hvert „þessir“ peningar hefðu farið.

Í hliðsjónarskjali skiptastjóra, sem lagt var fram á skiptafundi 21. júní 2021, segir að Garðar hafi engar raunhæfar skýringar gefið á 18 milljóna króna færslunni við fyrrnefnda skýrslugjöf. Þá kom fram í skýrslu skiptastjóra fyrir dómi að hann hefði á fundinum spurt Garðar út í allar stærri greiðslur á bankayfirliti félagsins, þótt ekki hafi verið bókuð afstaða hans til hverrar færslu fyrir sig, enda hefði Garðar ekki getað gefið skýringu á neinni þeirra.

Stefnandi fékk heimild skiptastjóra 12. ágúst 2021 til þess að höfða riftunarmál á sína áhættu og kostnað, til hagsbóta búinu, með vísan til 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., vegna fyrrgreindrar 18 milljóna króna greiðslu. Stefnandi sendi þann 23. ágúst 2021 riftunarbréf til Gestrúnar Hilmarsdóttur, skráðs eiganda stefnda og maka Garðars Vilhjálmssonar, þar sem henni var tilkynnt að stefnandi hefði, fyrir hönd búans, rift fyrrgreindri greiðslu á grundvelli 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991, og með vísan til 141. gr., og krafði stefnda um greiðslu sömu fjárhæðar.

Bréfi stefnanda frá 23. ágúst 2021 var svarað af lögmanni stefnda með bréfi 10. september 2021, þar sem fram kemur að misskilningur sé að í nefndri greiðslu felist

gjafagerningur, og því síður sé um riftanlegan gerning að ræða á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991. Samningur hafi verið í gildi á milli þrotamanns og stefnda, þar sem þrotamaður hafi leigt skrifstofuaðstöðu að Glitvangi 13, með öllum skrifstofu- og tækjabúnaði, auk þess sem húsnæðinu og bílastæði hafi verið breytt í þágu þrotamanns. Með umræddri greiðslu hafi farið fram uppgjör milli félaganna, annars vegar um leigu og hins vegar um aðstöðugjald, auk þátttöku þrotamanns í kostnaði við breytingarnar.

Undir rekstri málsins lagði stefndi fram yfirlit yfir skuldastöðu þrotamanns við stefnda, dagsett 31. desember 2018, sem unnið var Garðari Vilhjálmssyni. Samkvæmt yfirlitinu er gjald fyrir aðstöðu innheimt frá september 2016 til desember 2018, og sagt vera 310.000 krónur á mánuði, eða samtals 8.680.000 krónur. Þá væri fjórðungshlutdeild í kostnaði við lagningu bílastæðis 1.880.000 krónur. Auk þessa var handritað á skjalið með dagsetningunni 18. janúar 2019 að þrotamaður hefði greitt upp fyrrgreinda skuld við Glitvang ehf. með framangreindum greiðslum, og með því að greiða með eingreiðslu fyrirfram upp aðstöðugjald fyrir árin 2019 og 2020, samtals 7.440.000 krónur.

Stefnandi lagði meðal annars fram gögn um tengsl þrotamanns og stefnda Glitvangs ehf. framangreint riftunarbréf, auk ársskýrslu stefnda fyrir rekstrarárið 2019.

Í skýrslu Guðna Þórs Gunnarssonar endurskoðanda fyrir dóminum kom fram að hann hafi verið kjörinn endurskoðandi stefnda, Glitvangs ehf., við stofnun þess, og minnti að hann hefði einnig verið endurskoðandi þrotamanns. Aðspurður bar hann að í tal hafi komið að innheimta aðstöðugjald af þrotamanni en minntist þess ekki að einhver gögn hafi verið því til staðar, en ef svo hefði verið hefði þurft að færa það, en mundi ekki hvort það hefði verið fært í ársreikninga stefnda, og þá taldi hann að ekki hefðu verið gerðir ársreikningar fyrir þrotamann.

Auk nefndra vitnaskýrslna gaf Garðar Vilhjálmsson aðilaskýrslu fyrir dóminum.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína á 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sem heimili riftun gjafagerninga til nákominna, sem afhentir hafi verið sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag, nema í ljós hafi verið leitt að þrotamaðurinn hafi verið gjaldfær og það þrátt fyrir afhendingu. Verði ekki fallist á riftun á þeim grundvelli byggir stefnandi kröfu sína um riftun á almennri riftunareglu 141. gr. laga nr. 21/1991.

Stefnandi byggir á því að D-Son Import ehf. og stefndi í málinu séu nákomnir aðilar í skilningi gjaldþrotaskiptalaga og þar af leiðandi eigi að gilda rýmri riftunarfrestir um greiðslu skuldara til stefnda. Stefndi sé í 100% eigu Gestrúnar Hilmarsdóttur, sem hafi verið eigandi D-Son Import ehf. á þeim tíma sem riftanlega greiðslan fór fram. Eigandi D-Son Import ehf. á þeim tíma sem félagið varð síðan gjaldþrota, Garðar Vilhjálmsson, sé jafnframt stjórnarmaður og prókúruhafi í stefnda auk þess sem hann sé eiginmaður Gestrúnar. Leiki því enginn vafi á því að þessi tvö félög teljist nákomin í skilningi 3. gr., sbr. 5. og 6. tölulið 3. gr., laga nr. 21/1991.

Stefnandi bendir á að hann hafi farið fram á að bú D-Son Import ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta með kröfu, sem hafi borist héraðsdómi 17. nóvember 2020, og teljist sá dagur því vera frestdagur, sbr. 2. gr. laga nr. 21/1991. Ráðstafanir til nákominna séu riftanlegar aftur til 17. nóvember 2018 en greiðsla sú sem sæti riftun í þessu máli hafi farið fram 18. janúar 2019. Því sé ljóst að tímaskilyrði 2. töluliðar 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 séu uppfyllt og greiðslan því riftanleg að öðrum skilyrðum ákvæðisins uppfylltum.

Stefnandi byggir á því að umrædd millifærsla hafi verið örlætisgerningur, sem sé riftanlegur á grundvelli 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Í dómafrankvæmd hafi verið talið að gjafahugtak 131. gr. laga nr. 21/1991 nái yfir hvers kyns örlætisgerninga og hafi að geyma þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi að gjöfin rýri eignir skuldarans, í öðru lagi að gjöfin leiði til eignaaukningar hjá móttakanda hennar og í þriðja lagi að tilgangurinn með gerningnum sé að gefa.

Stefnandi telur að greiðslan frá D-Son Import ehf. til stefnda hafi með ótvíræðum hætti rýrt eignir skuldara. Með gerningnum hafi félagið afhent stefnda fjármuni, sem hefðu með réttu átt að renna til kröfuhafa félagsins en ekki hluthafa þess. Leiki því enginn vafi á því að gerningurinn hafi rýrt verulega eignir félagsins, og þar með rétt þeirra kröfuhafa sem áttu kröfur á hendur búinu, enda hafi félagið verið eignalaust þegar millifærslan átti sér stað en stóð þó í verulegri skuld við stefnanda og systurfélög hans. Engin jákvæð breyting hafi orðið á eignastöðu félagsins frá þeim tíma er millifærslan átti sér stað og þar til félagið hafi orðið gjaldþrota.

Stefnandi byggir á því að gerningurinn hafi leitt til auðgunar stefnda og telji hann auðsýnt að þetta skilyrði gjafahugtaksins sé uppfyllt. Greiðslan til stefnda hafi verið innt af hendi án nokkurs endurgjalds til félagsins. Fyrirsvarsmaður félagsins, Garðar, hafi ekki getað útskýrt í skýrslutöku hjá skiptastjóra þrotabús félagsins í hvaða tilgangi

umrædd millifærsla hafi verið gerð. Í sömu skýrslutöku hafi hann upplýst að félagið hefði aldrei haft húsnæði á leigu. Skýringar stefnda um að greiðslan hafi verið liður í uppgjöri á leigusamningi um húsnæði og aðstöðu á heimili eigenda stefnda séu haldlausar. Við skoðun á ársreikningi stefnda fyrir rekstrarárin 2018 og 2019 hafi komið í ljós að stefndi hafi engar rekstrartekjur haft á þeim árum. Þá komi jafnframt fram í ársreikningnum 2019 að stefndi átti engar viðskiptakröfur á hendur þriðja manni og verði að leggja hann til grundvallar um efnahag stefnda, sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga, sbr. 5. gr. um að ársreikningur skuli gefa glögga mynd af afkomu og efnahag félags, sbr. og 14. gr., 20. gr., sbr. og XII. kafla um ábyrgð stjórnar á réttri framsetningu ársreiknings. Því sé algerlega ljóst að greiðslan frá félaginu til stefnda hafi ekki verið greiðsla á skuld við stefnda. Stefndi hafi því óneitanlega hagnast með téðri greiðslu úr félaginu, á kostnað stefnanda.

Af framangreindu leiði að tilgangurinn með 18.000.000 króna greiðslu til stefnda hafi verið að færa stefnda með ólögumætum hætti fjármuni félagsins, án endurgjalds, til tjóns fyrir félagið. Engin viðskiptaleg skylda hafi hvílt á félaginu að inna þessa greiðslu af hendi til stefnda. Sé því ekki hægt að draga aðrar ályktanir en þær að tilgangurinn með þessum örlætisgerningi hafi verið sá að koma fé félagsins, sem réttilega tilheyrði kröfuhöfum D-Son Import ehf., úr félaginu til stefnda.

Stefnandi bendir á að D-Son Import ehf. hafi verið ógjaldfært félag þegar millifærslan átti sér stað, enda félagið ekki getað staðið í skilum við lánardrottna sína, með skuldir sem þá voru fallnar í gjalddaga, og ekki var sennilegt að greiðsluörðugleikar félagsins myndu líða hjá innan skamms. Til að mynda hafi félagið þá skuldað stefnanda 160.000 EUR samkvæmt reikningi útgefnum 3. desember 2018 og jafnframt skuldað tveimur félögum tengdum stefnanda, Mercus Development og Mercus Bus, samkvæmt útgefnum reikningum, annars vegar 64.000 EUR og hins vegar 75.000 EUR. Þá liggja fyrir að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá félaginu vegna kröfu Skattsins að fjárhæð 210.181 króna þann 4. júlí 2019, einungis hálfu ári eftir að millifærslan fór fram. Sé því enginn vafi á því að D-Son Import ehf. hafi verið ógjaldfært félag í skilningi gjaldþrotaskiptalaga á þeim tíma sem millifærslan fór fram.

Sönnunarbyrði um gjaldfærni skuldara eftir að gjöf hafi verið gefin hvíli hins vegar á stefnda en ekki stefnanda, sem höfði mál þetta í umboði fyrir þrotbú D-Son Import ehf. Af því tilefni vilji stefnandi benda á að félagið hafi ekki skilað inn

ársreikningum alla sína starfstíð auk þess sem eigandi félagsins hafi lýst því yfir á skiptafundi að bókhald skuldara væri í algjörum ólestri.

Stefnandi byggir endurgreiðslukröfu sína á 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991, en skv. ákvæðinu skuli sá sem hag hafði af ráðstöfun, sem riftanleg sé á grundvelli 131-138. gr. laganna, endurgreiða þrotabúinu þá auðgun sem hann hafði af hinni riftanlegu ráðstöfun. Stefnandi telji ljóst að skilyrðum 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 sé fullnægt og því beri að rifta ráðstöfuninni til stefnda og að fallast á kröfur stefnanda um endurgreiðslu auðgunar til þrotabús D-Son Import ehf. Ekkert endurgjald hafi komið fyrir hina riftanlegu greiðslu og því verði að líta svo á að stefndi hafi auðgast um sem nemi heildarfjárhæð gerningsins, 18.000.000 króna. Samkvæmt dómaframkvæmd teljist greiðsla á peningum sjálfkrafa leiða til samsvarandi auðgunar í skilningi 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði þrotabúi D-Son Import ehf. 18.000.000 króna auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 18. janúar 2019 til stefnubirtingardags, og með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. og 9. gr. s.l. frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991.

Verði ekki fallist á kröfu stefnanda um riftun á grundvelli 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 sé byggt á því að greiðslunni skuli rift á grundvelli almennu riftunarreglunnar í 141. gr. laga nr. 21/1991. Skilyrði þess að fallist verði á riftun á grundvelli 141. gr. laganna sé að ráðstöfun, sem á ótilhlýðilegan hátt sé kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiði til þess að eignir þrotamanns verði ekki til fullnustu kröfuhöfum eða leiði til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Þá sé það alltaf skilyrði riftunar að skuldarinn hafi verið ógjaldfær eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar. Að lokum sé það skilyrði að móttakandi greiðslu hafi vitað af eða mátt vita um ógjaldfærnina og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfun var ótilhlýðileg.

Stefnandi byggir á því að ráðstöfun D-Son Import ehf. í þessu tiltekna máli uppfylli öll skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991, og hafi sem slík verið ótilhlýðileg og stefnda til hagsbóta á kostnað kröfuhafa. Stefndi hafi ekki verið kröfuhafi en ráðstöfun sem riftanleg sé skv. 141. gr. laga nr. 21/1991 þurfi ekki endilega að vera til hagsbóta fyrir kröfuhafa, hún geti einnig verið þriðja manni eða félagi til hagsbóta, sem ekki hafi stöðu kröfuhafa, á kostnað annarra kröfuhafa. Um þetta hafi verið margdæmt í íslenskri dómaframkvæmd. Stefnandi byggir einnig á því að ráðstöfunin til stefnda hafi leitt til þess að eignir þrotamanns hafi ekki verið til staðar til fullnustu fyrir kröfuhafa. Um

ógjaldfærni félagsins á þeim tíma sem millifærslan fór fram vísi stefnandi til umfjöllunar að framan.

Stefnandi telur að stefndi hafi vitað eða mátt vita af ógjaldfærni félagsins og þær aðstæður sem hafi leitt til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg. Stefndi sé eins og áður segi í eigu Gestrúnar Hilmarsdóttur, sem á þeim tíma sem millifærslan fór fram hafi einnig verið eigandi D-Son Import ehf. Því hefði stefnda ekki getað dulist að félagið væri ógjaldfært og stefndi því grandsamur um þær aðstæður sem leiddu til þess að millifærslan taldist ótilhlýðileg í skilningi ákvæðisins, enda stefndi móttakandi greiðslunnar, meðvitaður um að verið væri að koma fjármunum út úr félaginu með ólögumætum hætti og um leið að rýra rétt kröfuhafa með ótilhlýðilegum hætti.

Ef fallist verði á riftun skv. 141. gr. laga nr. 21/1991 þá byggir stefnandi kröfu sína um skaðabætur á 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Skv. ákvæðinu eigi sá sem hag hafði af riftanlegri ráðstöfun að greiða bætur eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Stefnda beri af þeim sökum að greiða skaðabætur til þrotabús D-Son Import ehf. sem samsvari hinu raunverulega tjóni sem þrotabúið hafi orðið fyrir vegna hinna riftanlegu ráðstafana, enda hafi þær með ótilhlýðilegum hætti rýrt rétt annarra kröfuhafa. Tjónið nemi allri þeirri fjárhæð sem greidd var stefnda.

Stefnandi krefst greiðslu skaðabóta að fjárhæð 18.000.000 króna auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 18. janúar 2019 til stefnubirtingardags, og með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. og 9. gr. s.l. frá þeim degi til greiðsludags.

Um málshöfðunarfresti vísar stefnandi til þess að bú D-Son Import ehf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Landsréttar 4. mars 2021 og skiptafundur verið haldinn 21. júní 2021. Á skiptafundinum hafi skiptastjóri upplýst í fyrsta sinn um hina riftanlegu ráðstöfun. Samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 21/1991 sé frestur til þess að höfða riftunarmál sex mánuðir frá því að skiptastjóri átti þess kost að gera riftunarkröfuna en frestur þessi byrji þó aldrei að líða fyrr en við lok kröfulýsingarfrests. Í samræmi við dómaframkvæmd Hæstaréttar þá hafi það viðgengist, þegar bú sé eignalaust og málsókn háð því að lánardrottinn taki að sér að standa straum af kostnaði málsóknar, að miða beri upphafstímamark málshöfðunarfrests við fyrsta skiptafund en það sé það tímamark sem kröfuhafar hafi fyrst getað tekið afstöðu til kröfunnar. Sex mánaða málshöfðunarfrestur til þess að höfða riftunarmál skv. 148. grein renni því út 21. desember 2021. Sé málið því höfðað vel innan fresta.

Stefnandi hafnar því sem of seint fram komnu að dómara beri að vísa málinu frá sjálfkrafa á þeim forsendum að í kröfugerð sé þess krafist að rift verði greiðslu D-Son Import ehf. en ekki Daxsonar ehf. Eigi þetta ekki að valda neinum ruglingi.

Stefnandi vísar til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., þá sérstaklega 131. gr., 141. gr., 142. gr. og 148. gr. laganna. Stefnandi vísar jafnframt til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingar. Kröfur um málskostnað eru reistar á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. m.a. 130. gr. laganna. Þá styðst krafan um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988. Varðandi varnarþing vísast til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að ekki hafi verið um gjöf að ræða, sbr. 131. gr. laga nr. 21/1991, enda um að ræða greiðslu á skuld Daxsonar ehf., nú þrotabús D-son Import ehf. Með greiðslunni hafi verið gerð upp krafa stefnda um aðstöðugjald til nokkurra ára. Stefnanda hafi verið sent bréf stefnda þann 10. september 2021, og hefði þá átt að átta sig á því að hann hefði a.m.k. til vara átt að byggja riftunarkröfu sína á 134. gr. laga nr. 21/1991, en skv. 2. mgr. þess ákvæðis megi krefjast riftunar á greiðslu skuldar til nákominna sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir greiðsluna.

Stefndi telur að ljóst sé að hann og Daxson ehf. falli undir hugtakið „nákomnir“ í skilningi gjaldþrotalaga. Frestdagur við skiptin hafi verið 17. nóvember 2020 en ráðstöfun sú sem málið snúist um hafi átt sér stað 18. janúar 2019, þ.e. innan við 24 mánuði frá ráðstöfuninni til frestdags. Hefði stefndi byggt riftunarkröfu sína á 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, hefði stefndi borið sönnunarbyrðina fyrir því að Daxson ehf. hefði þann 18. janúar 2019 verið gjaldfært og það þrátt fyrir greiðsluna. Stefnandi byggir hins vegar ekki á 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, og geti ekki gert það úr þessu, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fyrir vikið sé umfjöllun um 134. gr. laga nr. 21/1991 því aðeins fræðilegar vangaveltur, sem hafi takmarkaða þýðingu fyrir málið. Þetta endurspeglir hins vegar mikilvægi þess að byggja á viðeigandi riftunarákvæðum gjaldþrotalaga þegar þess sé freistað að rifta gerningum, hvort sem þeir séu milli nákominna eða ekki. Svo að um greiðslu kröfu geti verið að ræða í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991 þurfi ekki vera um að ræða formlega kröfu samkvæmt skriflegum samningi eða útgefnum reikningi, heldur dugi að sá sem taki við greiðslu telji

þann sem inni greiðsluna af hendi skulda sér féð og færi fyrir því einhver rök. Þannig að ef um greiðslu kröfu sé að ræða, sem reynt sé að rifta, sé ekki unnt að byggja á 131. gr. laga nr. 21/1991. Megi í þessu samhengi vísa í dóm Landsréttar í máli nr. 139/2018, Stjarnan ehf. gegn þrotabúi EK1923 ehf.

Fari svo ólíklega að ekki hafi verið um greiðslu kröfu að ræða í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991, heldur gjafagering í skilningi 131. gr. sömu laga, þá sé á því byggt engu að síður að ekki sé um riftanlegan gerning að ræða, enda sé ekki uppfyllt skilyrði ákvæðisins um ógjaldfærni. Daxson ehf. hafi ekki verið ógjaldfært félag þegar gerningur málsins átti sér stað, né heldur hafi gerningurinn leitt til þess að Daxson ehf. hafi orðið ógjaldfært.

Stefndi hafnar því að hin almenna riftunaregla 141. gr. laga nr. 21/1991 geti átt við í þessu máli. Nákvæmlega engar blikur hafi verið á lofti í rekstri Daxsonar ehf. þegar umrætt uppgjör átti sér stað á milli Glitvangs ehf. og Daxsonar ehf. Þær kröfur, sem stefnandi vísi til að hafa átt á hendur Daxson ehf., hafi ekki verið komnar til skjalanna og um þær kröfur sé enn þann dag í dag deilt. Fyrir þeim liggi hvorki dómur né samþykki skiptastjóra. Vissulega hafi átt eftir að færa bókhald Daxsonar ehf. en fjárhagsstaðan hafi verið traust og góð, nægt rekstrarfé og engin vanskil við lánardrottna. Stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 séu til staðar og hafi ekki náð að axla þá byrði. Séu því ekki skilyrði til riftunar á grundvelli almennu riftunareglunnar.

Varðandi skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 um ógjaldfærni þegar gerningur átti sér stað eða í kjölfar hans, þá megi segja að kröfuskrá í þrotabúi D-Son Import ehf. segi allt sem segja þurfi. Eins og gögn málsins beri með sér hafi verið ágreiningur á milli stefnanda og pólskra systurfélaga hans annars vegar og Daxsonar ehf. hins vegar. Sá ágreiningur sé enn til staðar og kröfur stefnanda og systurfélaganna í þrotabúi D-Son Import ehf. hafi ekki enn verið samþykktar. Að slepptum þeim kröfum, séu einu kröfurnar í þrotabúi Daxsonar ehf. krafa Skattsins að fjárhæð 3.413.374 krónur og Vátryggingafélags Íslands hf. að upphæð 453.450 krónur. Kröfur Skattsins byggist á áætlunum og séu að mestu leyti til komnar eftir 18. janúar 2019. Raunverulegar kröfur Skattsins séu miklu lægri. Daxson ehf. hafi aldrei átt í neinum viðskiptum við VÍS og muni, komi til þess að skiptastjóri taki afstöðu til krafna, krefjast þess að þeirri kröfu verði hafnað. Kröfuskráin beri það með sér að Daxson ehf. hafi tæknilega séð ekki verið ógjaldfært, hvorki 18. janúar 2019, né síðar.

Stefndi hafnar endurgreiðslu og skaðabótakröfu stefnanda. Sé fyrst til þess að líta að Daxson ehf. hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni né heldur sé til staðar auðgun stefnda. Endurgreiðslukrafa skv. 142. gr. laga nr. 21/1991 geti aldrei orðið hærrí en sem nemi tjóni stefnanda, en með hliðsjón af því sem rakið hafi verið, um þá aðstöðu sem stefndi tryggði Daxson ehf. og Daxson ehf. nýtti sér til að afla sér tekna, sé ljóst að ekki sé um tjón að ræða. Þá sé krafist sýknu á þeirri einföldu forsendu að krafan geti aldrei orðið hærrí en sem nemi samþykktum kröfum í þrotabú. Mál þetta sé höfðað af stefnanda til hagsbóta fyrir þrotabú D-Son Import ehf., í samræmi við heimildarákvæði 130. gr. laga nr. 21/1991. Eðli máls samkvæmt geti bótakrafa til hagsbóta fyrir þrotabú aldrei orðið hærrí en sem nemi samþykktum kröfum og skiptakostnaði. Þar sem ekkert liggi fyrir í málinu um skiptakostnað, og þar sem ekki hafi verið tekin afstaða til krafna, geti ekki verið um neina endurgreiðslu- eða bótakröfu að ræða hjá stefnanda.

Til vara sé þess krafist að dómur ákveði lækun þeirra krafna, byggt á sömu sjónarmiðum og rakin hafi verið að framan um endurgreiðslu- og skaðabótakröfur stefnanda. Þá bendir stefndi á að í kröfugerð stefnanda sé þess krafist að rift verði greiðslu D-Son Import ehf., en ljóst megi vera að greiðslan hafi komið frá Daxson ehf. Af þessu leiði að ekki sé hægt að taka kröfu stefnanda upp í dómsorði, ef það yrði niðurstaða málsins, og rétt væri að hugleiða hvort ekki bæri að vísa kröfunni ex officio frá dómi.

Forsendur og niðurstaða:

Í kröfugerð stefnanda er þess krafist að rift verði með dómi greiðslu þrotabús D-Son Import ehf., kt. 610916-2520, Tjarnargötu 4, Reykjavík.

Ákvæði XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. heimila riftanir á ráðstöfunum þrotamanns. Þótt nafni þrotamanns þessa máls hafi verið breytt áður en til gjaldþrotaskipta kom, er um sama lögaðila að ræða, enda kennitalan sú sama. Nafn þrotamanns í dag er D-Son Import ehf. með heimilið að Tjarnargötu 4, Reykjavík. Þrotamaður því rétt tilgreindur í kröfu, og verður málinu ekki vísað sjálfkrafa frá dómi með vísan til þess að umþrætt ráðstöfun hafi verið gerð á sínum tíma undir nafni Daxsonar ehf.

Ágreiningslaust er að þrotamaður og stefndi eru nákomnir í skilningi XX. kafla gr. laga nr. 21/1991. Þá er óumdeilt að 18.000.000 króna voru millifærðar af reikningi þrotamanns inn á reikning stefnda þann 18. janúar 2019.

Í 1., sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 kemur fram að rifta megi gjafagerningi til nákominna sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag, nema í ljós sé leitt að þrotamaður hafi þá verið gjaldfær. Óumdeilt er að krafa stefnanda hafi komi fram innan þeirra tímamarka. Skilyrði nefndra ákvæða er að gjöfin hafi rýrt eignir þrotamanns og leitt til eignaaaukningar hjá stefnda. Þá þarf stefndi að hafa viðhaft ráðstöfunina í þeim tilgangi að gefa, huglægt séð.

Í bókun skiptafundar 8. apríl 2021 er ekki skráð um afstöðu fyrirvarsmanns þrotamanns til umþrættar ráðstöfunar sérstaklega eða um tilgang hennar, en eins og rakið er í málavaxtalýsingu bar Garðar Vilhjálmsson hjá skiptastjóra persónulega eða sem fyrirvarsmáður stefnda að hann hafi átt einhverjar kröfur á hendur þrotamanni, og því hefði endurgreiðsla átt sér stað. Þá kom fram í skýrslu skiptastjóra fyrir dóminum að sami aðili hefði nefnt það að hann hefði átt að láta þrotamann greiða sér einhvers konar leigugreiðslur. Hvort sú meinta gagnkrafa sem fram kom með þessum hætti hafi varðað umþrætta ráðstöfun þessa máls eða einhverja aðra ráðstöfun þrotamanns verður ekki fullyrt um. Þá verður heldur ekki fullyrt hvort sú endurgreiðsla, sem vísað var til á skiptafundinum, hafi snúist um greiðslu aðstöðugjalds þrotamanns, heldur fremur meinta kröfu Garðars sjálfs eða stefnda gegn stefnanda þessa máls. Verður stefndi látinn njóta vafa þess óskýrleika í bókun skiptafundar, en af bréfi lögmanns stefnda, dags. 10. september 2021, sem ber yfirskriftina greiðsla Daxsonar ehf. til Glitvangs ehf. þann 18. janúar 2019, verður ráðið að stefndi taldi sig hafa átt gagnkröfur á hendur þrotamanni á móti 18.000.000 króna kröfu þessa máls, þótt sú krafa hafi verið lítt formuð um fjárhæðir. Samkvæmt því lá fyrir að stefndi byggði á því að ráðstöfun hans hefði huglægt séð verið greiðsla vegna meintrar skuldar þrotamanns við hann.

Framangreind afstaða stefnda um tilgang ráðstöfunarinnar, um greiðslu á meintri kröfu, lá fyrir áður en málinu var stefnt inn til dómsins af hálfu stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu verður krafa stefnanda um riftun ekki reist á gjafahugtaki 131. gr. laga nr. 21/1991, enda stóð huglæg afstaða stefnda ekki til gjafar heldur til þess að um greiðslu væri að ræða. Virðist stefnandi hafa áttað sig á þessu síðar með framlagningu bókunar undir rekstri málsins, þar sem þess var freistað að koma að sem málsástæðu riftun á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991 um riftun greiðslu, sem telst of seint fram komin. Þá má jafnframt benda á að í kröfugerð stefnanda er ekki krafist riftunar á gjöf, heldur kemur þar skýrt fram að krafist sé riftunar greiðslu.

Stefnandi byggir í annan stað á því að heimilt sé að krefjast riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt séu kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar, og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins, og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg, sbr. 141. gr. laga nr. 21/1991.

Við mat á því hvort greiðslan teljist ótilhlýðileg í þessum skilningi ber að mati dómsins að líta til þess að með greiðslunni fór fram meint uppgjör á skuld þrotamanns við stefnda vegna aðstöðugjalds tvö ár aftur í tímann, auk fyrirframgreiðslu fyrir næstu tvö ár. Að því leyti var greitt fyrir en eðlilegt var, og má í því sambandi hafa hliðsjón af riftunarheimild 134. gr. laga nr. 21/1991 um slíkar greiðslur. Þá verður að telja óvenjulegt að þrotamanni sé gert að greiða hlutdeild í kostnaði við lagningu bílastæðis við húsnaði í eigu annarra, án skriflegs samnings þar um. Með sama hætti lá enginn skriflegur samningur fyrir um aðstöðugjald þrotamanns, um efni þess eða fjárhæðir. Meint skuld virðist einhliða áætluð af hálfu stefnda, lögð fram undir rekstri málsins sem yfirlit, handritað að hluta, og án nokkurra gagna til stuðnings þeim meintu kröfum. Þá er meintra krafna með engum hætti getið í framlögðum ársreikningi stefnda, til sönnunar því að krafan hafi í raun verið til.

Auk framangreinds verður um mat á ótilhlýðileika ekki horft fram hjá því, sem fram kemur í gögnum málsins, að þrotamaður og stefnandi hafa deilt fyrir dómstólum um ráðstafanir þrotamanns, sem tengjast í tíma sömu ráðstöfun og hér á undir. Þannig taldi stefnandi að þrotamaður hefði ekki staðið í skilum með kaupverð bifreiða í eigu stefnanda og lagt var inn á reikning þrotamanns, síðast 2. janúar 2019, 16.302.340 krónur. Eins og fram er komið gaf Garðar Vilhjálmsson þá skýringu hjá skiptastjóra að hann hefði fengið endurgreitt frá félaginu upphæðir sem næmu greiðslum fyrir þær bifreiðar, enda „átt slíkar kröfur gagnvart félaginu“. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, í máli nr. E-2852/2020, var fallist á kröfu stefnanda, og þrotamanni gert að greiða stefnanda 160.000 EUR, eða rúmlega 23 milljónir króna á gengi dagsins í dag. Þá ber jafnframt til þess að líta að þeir aðilar sem eiga hér hlut að máli um umþrætta ráðstöfun þrotamanns eru einnig eigendur og fyrirsvarsmenn stefnda, auk þess að vera hjón, og teljast nákomnir aðilar í skilningi gjaldþrotalaga. Með vísan til alls framangreinds telst ráðstöfunin ótilhlýðileg í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991.

Upplýst er að þrotamaður hafi aldrei verið skráður fyrir neinum eignum, og að búið sé eignalaust. Lýstar kröfur nema 63.913.185 krónum. Umþrætt ráðstöfun, sem telst ótilhlýðileg, var stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa, enda voru þeir peningar ekki til reiðu upp í kostnað búans og lýstar kröfur, og því búinu til tjóns.

Samkvæmt yfirliti bankareiknings þrotamanns lækkaði inneign hans verulega í janúar 2019, og í júlí 2019 var ekki næg inneign til þess að standa undir fjárnámi að fjárhæð 210.181 króna. Jafnframt er ljóst að með umræddri ráðstöfun varð þrotamaður ógjaldfær, enda gat hann ekki eftir þá millifærslu staðið stefnanda skil á kröfum, sem þá voru gjaldfallnar, og gat um í dómi Héraðsdóms Reykjaness nr. E-2852/2020. Þá er eins og fram er komið ljóst að sömu aðilar, sem eru hjón, stóðu að rekstri þrotamanns og standa að rekstri stefnda, og vissu þau eða máttu vita um ógjaldfærni þrotamanns með umræddri ráðstöfun og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Með vísan til alls framangreinds þykja uppfyllt öll skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 til þess að fallast megi á riftun á greiðslu þrotamanns til stefnda að fjárhæð 18.000.000 króna, sem fram fór með millifærslu 18. janúar 2019, af bankareikningi þrotamanns nr. [...] inn á bankareikning í eigu stefnda nr. [...].

Samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 skal sá sem hag hafði af riftanlegri ráðstöfun greiða bætur eftir almennum reglum, ef riftun fer fram með stoð í 141. gr. sömu laga. Óumdeilt er að millifærslan var greidd inn á reikning stefnda. Að mati dómsins er með engum hætti hægt að líta til meintra gagnkrafna stefnda í þessu sambandi og hafi stefndi því haft hag af ráðstöfuninni sem nemi 18.000.000 króna. Líkt og fram er komið hefur verið fallist á grandsemi stefnda um riftanleika ráðstöfunarinnar og ótilhlýðileika hennar. Með vísan til þess og að öðru leyti því sem fram er komið um tjón þrotamanns vegna þessa, verður fallist á að stefnda beri að greiða þrotamanni skaðabætur að fjárhæð 18.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta eins og krafist er í stefnu.

Ljóst þykir, að þótt ekki hafi verið tekin afstaða til lýstra krafna vegna eignaleysis búans, þá geti það ekki staðið í vegi þess að stefndi verði dæmdur skaðabótaskyldur, og þá byggjast lýstar kröfur a.m.k. að hluta til á fyrrgreindri dæmdri kröfu stefnanda gegn stefnda, sem nemur hærri fjárhæð en skaðabótakröfunni.

Eftir framangreindum málsúrslitum, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 744.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Rift er greiðslu þrotamanns, D-Son Import ehf., til stefnda, Glitvangs ehf., að fjárhæð 18.000.000 króna, sem fram fór með millifærslu 18. janúar 2019, af bankareikningi þrotamanns nr. [...] inn á bankareikning stefnda nr. [...].

Stefndi greiði þrotamanni 18.000.000 króna auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. janúar 2019 en með dráttarvöxtum skv. III kafla sömu laga, sbr. 6. og 9. gr. s.l., frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 744.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson